



2010-04-29

# Aðalfundur BSTR 2010

## - skýrsla formanns

Starfsárið hefur verið viðburðaríkt hjá Byggingarstaðlaráði. Unnið er að fjölpættum verkefnum sem ýmist hófust á árinu eða eiga sér lengri aðdraganda. Hluta verkefnanna mun ljúka á þessu ári og ný eru í deiglu sem væntanlega hefjast á árinu. Hér á eftir verður fjallað um helstu verkefni ráðsins.

### **Þjóðarviðaukar við nýja þolhönnunarstaðla**

Vinna við þjóðarviðauka vegna nýju evrópsku þolhönnunarstaðlanna, EN-Eurocodes staðlasettið, er umfangsmesta verkefni Byggingarstaðlaráðs á liðnum misserum. Staðlasettið mun koma í stað forstaðlanna og þjóðarskjalanna sem nú eru í gildi. Þessir nýju staðlar eru 58 talsins og er í hverjum og einum tilgreint hvar einstaka aðildarlönd mega birta sín sérákvæði. Nýjar handbækur og hugbúnaður taka mið af EN-Eurocodes staðlasettinu um leið og eldri forstaðlar víkja. Umhverfissráðuneytið vinnur með BSTR að verkefninu líkt og áður varðandi þjóðarskjölin.

### *Staða í vinnuhópum*

Almennt leiðarljós allra vinnuhópa var að lágmarka innihald þjóðarviðauka eins og kostur er þó að séríslenskar aðstæður kalli á séríslensk ákvæði í stórum hluta staðlanna. Verkefnið er á lokastigi að undanskyldum fimm viðaukum sem fjalla sérstaklega um brýr. Viðaukar við þá staðla taka mið af sambærilegum viðaukum á Norðurlöndunum. Frumvörp að þjóðarviðaukunum verða auglýst til umsagnar á næstu dögum. Gert er ráð fyrir að umsagnarfresti ljúki í sumar og taki viðaukarnir gildi seinni part sumars. Sjá má dæmi um innihald viðaukanna í meðfylgjandi skjali af slæðusýningu sem sýnd var á kynningarfundi 24. mars um drög að íslenskum þjóðarviðaukum.

### **Vinnuhópana skipa:**

#### *Grundun*

- Pálmi Ragnar Pálmason, verkfræðingur hjá Verkís
- Jórunn Halldórsdóttir, verkfræðingur hjá Mannviti
- Jón Skúlason, verkfræðingur
- Jón Skúli Indriðason, verkfræðingur hjá Eflu

*Efnisstaðlar*

- Snæbjörn Kristjánsson hjá Ferli
- Baldvin Einarsson hjá Eflu
- Eggert Valmundsson hjá Verkís

Einnig hafa verið fengnir til liðs við hópinn

- Bjarni Ingibergsson hjá BM Vallá
- Bjarni Jón Pálsson hjá Eflu
- Úlfar Aðalsteinsson hjá Almennu verkfræðistofunni
- Hrund Einarsdóttir hjá Ferli

*Álagsstaðlar*

- Flosi Sigurðsson hjá Verkís
- Guðbrandur Steinþórsson, HR
- Bjarni Bessason, HÍ

*Aðrir staðlar**Brunastaðlar*

- Björn Karlsson, brunamálastjóri
- Benedikt Jónsson hjá Brunamálastofnun
- Guðmundur Gunnarsson hjá Brunamálastofnun

*Brúarstaðlar*

- Einar Hafliðason hjá Vegagerðinni

Auk framangreindra fulltrúa sitja fundi vinnuhópanna þeir Jón Sigurjónsson, formaður Byggingarstaðlaráðs, Dr. Hafsteinn Pálsson frá umhverfisráðuneyti og Arngrímur Blöndahl, ritari BSTR. Ennfremur hefur mikill fjöldi sérfræðinga sem ekki eru taldir hér komið að þessari viðamiklu vinnu.

## **ÍST 45:2003 Hljóðvist – Flokkun íbúðarhúsnæðis / Hljóðvistarstaðall fyrir atvinnuhúsnæði**

Hópin skipa:

Jón Sigurjónsson formaður BSTR, auk faghóps verkfræðingafélagsins um hljóðhönnun:

Steindór Guðmundsson hjá Verkís  
Bergþóra Kristinsdóttir hjá Eflu  
Sigurður Karlsson hjá Vinnueftirliti ríkisins  
Arngrímur Blöndahl er ritari hósins



Vinna hópsins er á lokastigi og voru drög að væntanlegum staðli kynnt hagsmunadilum 13. apríl. Á kynninguna mættu u.þ.b. 40 manns og var gerður góður rómur að framlögðum drögum. Í staðlinum er fjallað um allar algengar gerðir af húsnæði. Viðmiðunarmörkum er deilt upp í fjóra flokka hljóðvistar frá A – D og er þá miðað við að flokkur C uppfylli ákvæði næstu útgáfu byggingarreglugerðar en hinir flokkarnir séu valkvæðir.

Áætlað er að auglýsa frumvarp að staðlinum í sumarbyrjun.

Til upplýsingar er slæðukynningu vinnuhópsins dreift samhliða þessari árskýrslu.

### **ÍST 30:2003 Almennir útboðs- og samningsskilmálar um verkframkvæmdir**

Vinna við endurskoðun á ÍST 30 hófst í nóvember 2008 og hafa verið haldnir 28 fundir í vinnuhóp verkefnisins.

Hópin skipa:

Rögvaldur Gunnarsson, Vegagerðinni, formaður

Ásgeir Magnússon, Samtökum iðnaðarins

Guðmundur Pálmi Kristinsson, framkvæmdasviði Reykjavíkur.

Kolbeinn Kolbeinsson, Ístaki

Magnús Jónsson, Ris

Óskar Valdimarsson, FSR

Sigþór Jóhannesson, Verkís

Vinnuhópurinn er kominn vel á veg með endurskoðun staðalsins. Lögfræðingar hagsmunaaðila og fleiri sérfræðingar um einstaka greinar hafa verið fengnir til liðs við starfshópinn. Farið hefur verið yfir athugasemdir sem hafa borist og einstaka greinar rýndar lið fyrir lið. Áætlað er að þessari vinnu ljúki á haustdögum.

### **Skráning á fjölda svefnherbergja í íbúðum / Hæð bygginga og hæðaskráning**

Vinnuhópar um gerð staðals fyrir *skráningu á fjölda svefnherbergja í íbúðum annarsvegar og Hæð bygginga og hæðaskráningu hinsvegar* hafa komið saman í 22 skipti. Hóparnir samþykktu að vinna samhliða að báðum verkefnum þar sem aðeins tveir af fulltrúum hópanna voru ekki í báðum hópum.

Hópana skipa:

Magnús Sædal Svavarsson, byggingarfulltrúinn í Reykjavík, formaður

Friðrik Ágúst Ólafsson, Samtökum iðnaðarins

Guðmundur G. Þórarinsson, verkfræðingur

Dr. Hafsteinn Pálsson, umhverfissráðuneytinu

Ingólfur Margeirsson, Fasteignaskrá Íslands



Magnús H. Ólafsson, arkitekt  
Runólfur Gunnlaugsson, Félagi fasteignasala  
Guðmundur Gunnarsson, Brunamálastofnun

Staðallinn um *skráningu á fjölda svefnherbergja í íbúðum* liggur fyrir í drögum. Þar er gert ráð fyrir að skráning byggi á talningu svefnherbergja í íbúðum auk þess sem skráður verður fjöldi baðherbergja og stærð íbúða í m<sup>2</sup>. Vinna við gerð staðalsins er á lokastigi. Staðall um *hæð bygginga og hæðaskráningu* er í vinnslu. Staðallinn mun skiptast upp í tvo aðskilda kafla þar sem annarsvegar er fjallað um skráningu á hæð bygginga og hinsvegar skráningu á hæðum bygginga og talningu þeirra. Nefndin hefur leitað umsagnar hagsmunaðila eins og Skipulagsstofnunar og fl. og mun verða unnið úr umsögnum í næstu skrefum.

### **Ný verkefni**

BSTR hefur fjallað um hugmyndir að nýjum verkefnum og koma nokkrar þeirra fram hér:

#### ***Notkun öryggisglers í byggingariðnaði.***

Stjórn Byggingarstaðlaráðs hefur rætt nauðsyn þess að notkun öryggisglers í byggingum verði gerð skýrari skil. Undirbúningur á verkefninu er í höndum Jóns Sigurjónssonar og Nýsköpunarmiðstöðvar.

#### ***Gerð staðals um stiga í byggingum***

Til skoðunar er að gera staðal um stiga í byggingum. Í slíkum vinnuhóp þyrftu m.a. að vera aðilar frá verkfræðingum, arkitektum, byggingarfulltrúum og Brunamálastofnun.

#### ***ÍST INSTA 142***

##### ***Nordiske regler for visuel styrkesortering af konstruktionstræ***

Samnorræni staðallinn INSTA 142 hefur verið endurskoðaður nýlega og tekið gildi sem ÍST INSTA 142. Unnið er að þýðingu staðalsins á íslensku.

#### ***Gerð staðals um endingarhönnun steinsteypu***

Til skoðunar er að gera sérstakan staðal um endingarhönnun steinsteypu. Í slíkum staðli væri stöðluð forsögn um gerð steinsteypu með hliðsjón af notkun og líftíma sem gerðar væru kröfur um í forskrift viðkomandi mannvirkis. Næstu skref eru að halda samráðsfund með hagsmunaaðilum þar sem skipulag á mögulegri vinnu verður til umræðu.

#### ***Samningsskilmálar um alverktöku***

Ákveðið hefur verið að hefja vinnu við gerð á nýjum staðli sem fjallar um samningsskilmála um alverktöku. Brýnt er að vinna að samræmingu samninga og nánari skilgreiningum vegna slíkra útboða. Hugmyndir eru uppi um að taka mið af dönskum



reglum og leiðbeiningum. Samhliða myndar ÍST-30 grundvöll að vinnunni. Stefnt er að því að vinnuhópur um endurskoðun ÍST 30 verði fenginn til verksins þegar endurskoðun þess staðals lýkur.

### **Að lokum**

Byggingariðnaðurinn hefur gengið í gegnum mesta samdráttarskeið sem menn muna. Þrátt fyrir þetta ástand hefur tekist að halda starfi ráðsins í eðlilegu horfi. Tvö mjög stór verkefni eru á lokastigi og hillir undir að öðrum ljúki. Samhliða er unnið að nýjum verkefnum og önnur bíða úrvinnslu.

Byggingarstaðlaráð vill færa öllum þeim einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum sem hafa komið að vinnu verkefna á liðnu ári sérstakt þakklæti fyrir þeirra framlag. Á sama tíma vonast ráðið eftir áframhaldandi góðu og gjöfulu samstarfi á komandi árum og þannig verði unnt að stuðla að framþróun í stöðlun um þau málefni sem mest brenna á okkur á hverjum tíma.